

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Berglind María Tómasdóttir
flauta
Kristinn H. Árnason
gítar

NETÚTGÁFA

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 16. júlí 2002 kl. 20:30

Efnisskrá

Berglind María Tómasdóttir lauk kennara- og burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1998. Kennarar hennar voru Bernharður Wilkinson og Hallfríður Ólafsdóttir. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og Tónlistarháskólann í París á árunum 1998 – 2001. Kennarar hennar voru Toke Lund Christiansen og Pierre – Yves Artaud. Berglind hefur komið fram á fjölda tónleika í Frakklandi, Danmörku, Svíþjóð, Englandi, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Hún hefur lagt ríka áherslu á flutning nýrrar tónlistar en 2001 var Berglind valin úr hópi fjölda umsækjenda til þátttöku á námskeiði hjá hinum virta tónlistarhópi Ensemble Intercontemporain sem fram fór í París. Berglind starfar nú sem tónlistarmaður í Reykjavík auk þess að kenna við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Kópavogs.

Kristinn H. Árnason er fæddur í Reykjavík og lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins 1983. Kennarar hans þar voru Gunnar H. Jónsson og Joseph Fung. Kristinn lauk B.M. gráðu frá Manhattan School of Music þar sem kennari hans var Nicolas Goluses. Á námsárum sínum lék Kristinn m.a. fyrir Hans Werner Henze, Manuel Barrueco og á síðasta námskeiðinu sem Andrés Segovia hélt. Kristinn hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi, Ítalíu, Bandaríkjunum, Noregi, Danmörku, í Wigmore Hall í London og kammersal Concertgebouw í Amsterdam. Hann var tilnefndur til menningaverðlauna Dagblaðsins 1995. Diskur hans með verkum eftir Sor og Ponce hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin í flokki klassískra hljómdiska 1997.

Toru Takemitsu
1930 – 1996

Toward the Sea
1 The Night
2 Moby Dick
3 Cape Cod

Ravi Shankar
f. 1920

L'aube enchantée

Astor Piazzolla
1921 – 1992

Café 1930
úr Sögu tangósins

Béla Bartók:
1881 – 1945

Rúmenskir þjóðdansar í útsetningu
Arthur Levering
1 Joc cu bâță
2 Brâul
3 Pe loc
4 Buciumeana
5 Poargă românească
6 Măruntel

Hugi Guðmundsson
f. 1977

Eq. III: In memoriam
frumflutningur

NETÚTGÁFA